

155. fundur skráningarráðs haldinn 12. febrúar 2026 kl. 10:00-11:40 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir (fundarritari), Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

2. Lagfæring á RDA í haskinu (staða)

RDA toolkit skjalið er að verða tilbúið. KL skoðar næstu skref og fer yfir á næsta fundi.

KL ráðlagði okkur að skoða fræðslumyndbönd (heimavinna fyrir næsta fund) sem eru opin á YouTube - Rda tool kit <https://www.youtube.com/@RDAToolkitVideo>.

RDA Concepts (byrja hér)

<https://www.youtube.com/playlist?list=PL1Gb2VwmOhgSNlSkaxmkhZ736XJvd-eWy>


3. Gervigreind við skráningu

MB hefur prófað gervigreindina við skráningu á bókum með kyrillísku lettri. Hún fær mismunandi færslur oftast lélegar. Við sem höfum prófað fáum færslur þar sem vantar 007 sviðið og ef 008 svið kemur fram þá er það með röngum upplýsingum. Við erum sammála um að oft lagast færslan ef gerð er önnur tilraun.

Í Ölmu er hægt að taka út þær færslur sem skráðar eru með aðstoð gervigreindar.

Ákveðið hefur verið að halda námskeið um gervigreindarskráningu áður en aðilum með fulla skráningarheimild verður gefinn aðgangur. Stefnt er að því haustið 2026.

Meiri umræður um gervigreindina. SH kom með þá tillögu að leita til Norðmanna þar sem þeir eru komnir lengra á veg með notkun gervigreindar við skráningu og hafa þróað verkferla, sem við getum lært af. KL og SH ætla að skoða málið og einnig efni frá Sikt - Sikts bibliotektjenester: AI Metadata Assistant



4. Fræðslufundur skrásetjara í maí

Hugmyndir að efni fyrir fundinn voru ræddar. Drög verða sett niður síðar.

Gervigreindarkynning. KL + MB? og dæmi sýnd ca. 30 mín. Stærsti liðurinn.

Sýna svið 505 ## \$\$t, sjá fundargerð síðasta fundar. Stutt erindi SF

Tölfræðin í Ölmum – gæðastjórnunartæki SH

Nú stendur til að opna aftur *Íslenska útgáfuskrá* sem hefur legið niðri síðan 2021, kynna það.

Eftir nýjustu uppfærslu í Ölmum er hægt að leita í öllum marksviðum í bókfræðifærslu. Aðeins kerfisstjórar hafa heimild til að opna öll marksviðin. KL búin að prófa og sýndi á fundinum.

Fréttir / molar / hraðfréttir frá skráningarráði, hafa sem síðasta lið.

Rætt um staðsetningu fundarins, ný uppgerð Saga (fyrrum Hótel Saga) var nefnd. SH ætlar að heyra í Þórnýju hjá Upplýsingu.

5. Haskið – smá umræða

Hugleiðingar um Haskið. Þar kom fram að *leitin* er afleitt í Haskinu og kominn tími á uppfærslu en það verður ekki gert í bráð vegna þeirra breytinga sem eru væntanlegar á rda reglunum. Stefnt er á smá tiltekt. KL þiggur tillögur og dæmi ef við rekumst á eitthvað sem betur má fara.

6. Önnur mál

Ákveðið að við tökum saman í dæmasafn, góðar og slæmar færslur sem eru skráðar með aðstoð gervigreindar, til að sýna á fræðslufundinum í vor og/eða hafa í Haskinu.

Fundi slitið kl. 11:40